

Úrskurður

Agamál nr. 18/2018-2019

Viðburður:	Leikur Valur gegn Skallagrím í Dominosdeild mfl. kk. sem leikinn var þann 10. desember 2018.
Kærði:	Aleks Simeonov, leikmaður Vals
Kærandi/ur:	Dómarar leiksins

Málavextir

Hinn 11. desember 2018 barst aga- og úrskurðanefnd atvikaskýrsla dómara eftir framangreindan leik, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál. Í skýrslunni kemur fram að hinn kærði hafi hlotið tvær óíþróttamannslegar villur og þar af leiðandi verið vikið af leikvelli í kjölfarið, líkt og leikreglur kveði á um. Degi síðar barst nefndinni uppfærð skýrsla frá dómurum leiksins þar sem fram kom að eftir að þeir hefðu séð myndbandsupptöku af hinni síðari óíþróttamannslegu villu væru þeir á því að dæma hefði átt brottrekstrarvillu. Ef til staðar hefði verið skjár og búnaður til endursýningar á staðnum hefðu þeir skoðað síðara atvikið aftur og breytt dómi sínum og þess í stað dæmt brottrekstarvillu. Það hefði þeim verið heimilt samkvæmt gildandi leikreglum. Með skýrslunni fylgdi myndbandsupptaka af hinu kærða atviki.

Greinargerð Vals

Athugasemdir bárust aga- og úrskurðarnefnd frá Val 14. desember 2018. Meðfylgjandi var tengill á frétt frá Vísi frá árinu 2017 sem varðaði atvik úr leik KR og Tindastóls, ljósmynd sem sýnir sjónarhorn dómara, myndbandsupptaka af umræddu atviki og aðdraganda þess og fyrri atvikaskýrsla dómara frá 11. desember 2018.

Af hálfu Vals er meðal annars vísað til þess að það orki tvímælis að dómarar leiksins gefi sér að þeir hefðu skoðað atvikið aftur ef til staðar hefði verið búnaður. Nærtækast hefði verið að skoða atvikið við fyrsta tækifæri og að minnsta kosti áður en fyrri atvikaskýrslan hefði verið send aga- og úrskurðarnefnd. Ekkert hefði komið fram eða bent til þess að þetta væri álitamál sem skoða þyrfti betur eða brot sem krefðist þyngri viðurlaga. Upptaka af leiknum hefði legið fyrir strax að leik loknum en síðan hefði umrætt atvik fengið umfjöllun fjölmiðla. Það væri sárt að vita ef slík umfjöllun verði til þess að dómarar leiks breyti skýrslu sinni í kjölfarið, sólarhring eftir að fyrri skýrsla er rituð. Gera verði þá kröfu að ef dómarar telji brot það alvarlegt á leikstað verði að skoða myndbrot af atvikinu strax og áður en atvikaskýrsla er send nefndinni. Þá verði kröfugerð að vera skýr, sem og lýsing á málavöxtum og helstu röksemdum.

Ef brot hefði átt sér stað utan sjónarsviðs dómara og ekkert brot hefði verið dæmt, og umrætt atvik síðan verið skoðað á myndbandi degi síðar, væri hægt að skilja að dómarar nýttu sér ákvæði 6. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar og kæri til aga- og úrskurðarnefndar en í

umræddu tilviki hefðu dómara verið vel staðsettir og ekkert komið í veg fyrir að þeir brygðust rétt við brotinu, sem þeir og hefðu gert. Það hljóti að vera meginregla að niðurstaða leiks standi þegar dómara sjái atvik vel, beri saman bækur sínar við aðra dómara sem einnig hefðu séð atvikið vel og telji ekki ástæðu til að bregðist við með því að horfa á atvikið strax eftir leik. Það hefði því ekkert beint til meiri alvarleika í málinu umfram það sem dómara hefðu metið á leikstað.

Loks er vísað til þess að hinn kærði harmi mjög brot sitt í leiknum en umrætt brot eigi sér stað í mikilli baráttu við endalínu hjá körfu Vals. Af myndbrotnu megi sjá að ekki sé um olnbogaskot að ræða til að meiða andstæðing heldur setji hinn kærði höndina upp um leið og líkamanum er snúið við til að verja stöðu sína og knöttinn. Þá hefðu dómara verið mjög vel staðsettir og séð atvik óhindrað. Þeir hefðu brugðist rétt við og umsvifalaust dæmt óþróttamannslega villu, en viðbrögð leikmanna og annarra á leikstað gæfu tilefni til að ætla að ekki hefði verið gert ráð fyrir harðari dómi. Máli sínu til stuðnings vísar Valur einnig til nánar tilgreindra úrskurða aga- og úrskurðarnefndar í sambærilegum málum.

Niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd (hér eftir „reglugerðin“) úrskurðar nefndin um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara KKÍ. Jafnframt hefur aga- og úrskurðarnefnd heimild til að úrskurða um öll önnur mál sem nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna körfuknattleiksleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau, sbr. síðari málsliður 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar. Á þeim grundvelli er nefndinni heimilt að taka mál þetta fyrir og ljóst er að framsetning á atvikaskýrslum dómara eru ekki með þeim hætti að Val eða hinum kærða hafi verið torveldað að koma á framfæri athugasemdum sínum varðandi hið kærða atvik.

Ákvæði 6. gr. reglugerðarinnar fjallar um sérstakar málsmeðferðarreglur vegna agamála. Í 4. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar segir að aga- og úrskurðarnefnd sé bundin af ákvörðun dómara leiks, t.d. varðandi brottvísun eða tæknivillu. Um er að ræða grundvallarreglu í almennum agamálum. Frá þessari grundvallarreglu hefur verið gerð undantekning í 7. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar en þar segir að aga- og úrskurðarnefnd sé heimilt að taka til meðferðar kæru eða ábendingu á agabroti sem framið var án vitundar dómara leiksins eða dómari ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óyggjandi hátt að brot hafi verið framið. Er nefndinni þar meðal annars heimilt að byggja á myndbandsupptöku af leiknum. Af þessu má vera ljóst að aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að beita viðurlögum vegna agabrota, jafnvel þó dómurum leiks hafi yfirsést eða gert mistök vegna tiltekins atviks, ef óyggjandi gögn sýna fram á að brot hafi verið framið sem hefði átt að leiða til brottrekstrarvillu og þar með hefði viðkomandi einstaklingi átt að vera vísað af leikvelli.

Af framangreindri myndbandsupptöku má sjá að hinn kærði tekur varnarfrákast undir körfu og snýr baki í leikmann Skallagríms. Hinn kærði snýr sér síðan við og slær vinstri olnboga eða framhandlegg í andlit leikmannsins en heldur boltanum undir hægri handlegg. Í síðari atvikaskýrslu dómara leiksins telja þeir allir að umrætt atvik hefði átt að fela í sér brottrekstrarvillu en ekki óþróttamannslega villu. Aga- og úrskurðarnefnd er sammála þessu mati. Telur nefndin því að í máli þessu hafi verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að

brot hafi verið framið sem hefði átt að leiða til brottrekstrarvillu og hinum kærða hefði þar með átt að vera vísað af leikvelli, sbr. ákvæði 7. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Nefndin telur að háttsemi hins kærða falli undir verknaðarlýsingu c. liðar 13. gr. reglugerðarinnar en þar segir að hafi einstaklingi verið vísað af leikvelli eða keppnisstað fyrir alvarlega grófan leik eða ósæmilega framkomu skuli aga- og úrskurðarnefnd úrskurða viðkomandi í eins eða tveggja leikja bann. Við slíka ákvörðun ber nefndinni líta til ásetnings, afleiðinga og hver sé brotapolí. Þar sem hinum kærða var hins vegar ekki veitt brottrekstrarvillla í leiknum, sem er skilyrði fyrir því að beita ákvæði c. liðar 13. gr. reglugerðarinnar, er ekki hægt að byggja viðurlög alfarið á þeim grundvelli. Nefndin telur þó að framangreint sé til leiðbeiningar um viðurlög. Aftur á móti segir í ákvæði j. liðar 13. gr. reglugerðarinnar að sé aðili kærður til aga- og úrskurðarnefndar sem hafi ekki verið vísað af leikvelli eða leikstað sé aga- og úrskurðarnefnd heimilt að dæma viðkomandi í tímabundið leikbann.

Með vísan til ákvæðis j. liðar 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. til hliðsjónar c. lið 13. gr. reglugerðarinnar, skal hinn kærði sæta eins leiks banni vegna hins kærða atviks.

Úrskurðarorð

Hinn kærði, Aleks Simeonov, skal sæta eins leiks banni vegna háttsemi sinnar í leik Skallagríms gegn Val í Dominosdeild mfl. kk. sem leikinn var þann 10. desember 2018.

Reykjavík, 28. desember 2018

Þórolfur Heiðar Þorsteinsson, formaður

Björgvin Halldór Björnsson, varaformaður

Birkir Guðmundarson

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir

Kristinn G. Kristinsson

María Káradóttir